



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Hreppsnefnd Kjósarhrepps

Karl M. Kristjánsson

Kjósarhreppur

Ásgarði Kjós

276 Mosfellsbæ

Kópavogi, 4. mars 2021

2012003 PBG/HH

Efni: Stafræn þjónusta og stafrænt ráð sveitarfélaga

Á 521. fundi stjórnar SSH hinn 1. mars sl. var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna málsins:

Stafræn þjónusta og stafrænt ráð sveitarfélaga / málsnr. 2012003

Framhald frá umræðum 516. og 519. fundar stjórnar SSH um samstarf um stafrænt ráð sveitarfélaga. Föstudaginn 26. febrúar sl. stóð SSH einnig fyrir kynningar- og umræðufundi um stafræna þjónustu sveitarfélaga fyrir kjörna fulltrúa á höfuðborgarsvæðinu. Gestur fundarins undir þessum lið er Áslaug Hulda Jónsdóttir.

Eitt af sóknaráætlunarverkefnum SSH árið 2020 fól í sér að kortleggja stöðu og framtíðaráform við þróun stafrænnar stjórnsýslu hjá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu. Í starfi verkefnahópsins (starfsmenn sveitarfélaganna í stafrænni þróun) sem stofnaður var vegna verkefnisins hefur glögggt komið fram mikilvægi áframhaldandi samtals- og samvinnu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu á sviði stafrænnar umbreytingar. Fyrir utan hina mikilvægu samvinnu og samráð á milli stjórnenda upplýsingamála geta pólitískir fulltrúar átt sterkt faglegt bakland í hópum þegar kemur að þátttöku í stefnumótun, útfærslu áætlana um stafræna umbreytingu í sveitarfélögunum og ekki síst hið nauðsynlega og mikilvæga samtal stefnumótun Íslands um stafræna þjónustu.

Þá hefur Samband íslenskra sveitarfélaga lagt fram tillögur um samvinnu í stafrænum umbreytingarverkefnum hjá sveitarfélögunum í landinu. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru þátttakendur í þeirri vegferð. Fulltrúi SSH í stafrænu ráði sveitarfélaganna á vettvangi Sambandsins er Áslaug Hulda Jónsdóttir. Í fyrrgreindri vegferð er einnig gert ráð fyrir því að innan hvers landshluta verði sett upp stafrænt landshlutaráð/samráðshópur.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að hvert sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu tilnefni einn úr meirihluta og einn úr minnihluta sveitarstjórnar í stafrænan samráðshóp. Tilgangurinn er fyrst og fremst sá að til sé samráðshópur sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem gefur endurgjöf og athugasemdir við þau verkefni sem unnið er að hverju sinni á vettvangi stafræns ráðs sveitarfélaganna. Samráðshópnum til ráðgjafar og stuðnings verður verkefnahópur starfsmanna sveitarfélaganna í stafrænni þróun.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Er hér með óskað eftir tilnefningu tveggja aðila í umræddan samráðshóp í samræmi við framangreint. Gert er ráð fyrir að fulltrúi SSH í stafrænu ráði sveitarfélaga, Áslaug Hulda Jónsdóttir, í samráði við skrifstofu SSH, kalli hópinn saman eftir þörfum.

Þess er óskað að tilnefningar berist eigi síðar en miðvikudaginn 17. mars nk., og skulu þær berast á netfangið ssh@ssh.is.

Virðingarfyllst,

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH